

**Tekjumörk vegna afsláttar  
af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega á árinu 2023**

*Lagt er til 7,7% hækkun frá fyrra ári sem er í takt við hækkun ellilífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins á milli árunna 2021 og 2022*

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem eiga **lögheimili í Borgarbyggð** eiga rétt á afslætti af **fasteignaskatti** skv. reglum og ákvörðun sveitarstjórnar hvert ár, sbr. heimild í 5. gr. laga 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Hjá hjónum og sambylissfólki ræður aldur þess er fyrr verður 67 ára. **Afsláttur nær einungis til íbúðarhúsnæðis sem viðkomandi býr sjálfur í.**

Afsláttur ræðst af tekjum undanfarandi árs. Afslátturinn er reiknaður til bráðabirgða við álagningu út frá öllum skattskyldum tekjum einstaklings eða hjóna/sambúðarfólks, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjum samkvæmt síðasta skattframtali, en þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðasta árs er afsláttur endurskoðaður og leiðréttur.

Tekjumörk eru ákveðin af byggðarráði Borgarbyggðar í desember á hverju ári og eru nú:

Fyrir einstaklinga, (tekjur á árinu 2022):

með tekjur allt að kr. 4.332.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 4.332.001 – 5.016.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 5.016.001 – 5.692.000 er veittur 50% afsláttur

Fyrir hjón (tekjur á árinu 2022):

með tekjur allt að kr. 7.164.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 7.164.001 – 8.010.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 8.010.001 - 8.860.000 er veittur 50% afsláttur

Borgarnesi 28. desember 2022

Eiríkur Ólafsson  
sviðsstjóri fjármálasviðs

Inga Vildís Bjarnadóttir  
félagsmálastjóri